

Árið 2002 útbjóg Helgi Ómar Bragason drög að áætlun um sjálfsmat fyrir árin 2002 til 2006. Eftir þessari áætlun var farið að hluta, en vikið frá henni þegar það þótti eiga við. Því má segja að áætlunin hafi verið í sífelldri endurskoðun á tímabilinu. Hana má skoða hér.

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Drög að áætlun um sjálfsmat 2002-2003

Forsendur sjálfsmats

Ytri forsendur:

Í framhaldsskólalögum nr. 80/1996 segir;

23. gr. Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.¹⁾ Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Leiðbeiningar um framkvæmd mats á skólastarfi í framhaldsskólum eru hins vegar varla til. Menntamálaráðuneytið hefur þó gefið út bækling sem áréttar það að skólar skuli innleiða, að eigin frumkvæði, aðferðir við sjálfsmat (Menntamálaráðuneytið 1997).

Innri forsendur:

Með tilkomu nýrrar námskrár (1999) fyrir framhaldsskóla varð óhjákvæmilegt að hver skóli gerði sína eigin skólanámskrá en áður hafði skólunum dugað svokallaður námsvísir sem skólar gáfu oft út í sameiningu. ME var t.d. í samstarfi um gerð námsvísis með öðrum skólum á Austurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi sbr. Námsvísir framhaldsskóla 1996.

Í skólanámskrá eiga að vera skilgreind markmið og áherslur skólastarfsins og þar ættu að koma fram allir þeir þættir sem sjálfsmat skólans á að taka til. Meðan skólanámskrá liggur ekki fyrir má búast við því að sjálfsmat skólans verði fremur ómarkvisst.

Með sjálfsmati er ætlunin;

- að athuga, með formlegum hætti, hvort áherslur í skólanámskrá nái fram að ganga í daglegu starfi skólans,
- að finna leiðir til að bæta starfið í skólanum,
- að finna hvar styrkleikar og veikleikar skólans liggja,
- að fá fram væntingar og áherslur nemenda, foreldra og starfsfólks til skólastarfsins,
- að fá fram stöðu skólans svo hægt sé að leggja grunn að framtíðarsýn skólans og áætlanir fyrir umbætur.

Framkvæmd sjálfsmats

Matsaðferð

Stuðst er við Framhalds-Skólaryni, sjálfsmatslíkan þróað í Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA).

Matstækið

Matslíkanið er þróað á grundvelli þeirrar reynslu sem fékkst af þróun Grunn-Skólarynis sem matslíkans fyrir grunnskóla. Í líkaninu liggur fyrir skilgreining á gangverki framhaldsskólans og mappa með matsblöðum og matsspurningum og leibeiningum um einkunnagjöf. Til viðbótar er tölvuforrit sem heldur utan um mat og útprentun gagna og styður við skýslugerð og frekari úrvinnslu í skólanum. Til viðbótar við Skólaryni hefur RHA lagt grunn að gagnaöflun frá foreldrum, nemendum og starfsmönnum þar sem grafið er fyrir um viðhorf og væntingar, líðan, metnað og margvísleg atriði í samskiptum og samstarfi aðila. Fyrir liggur tölvutæk útgáfa slíkra spurningalista þar sem starfsmenn og nemendur geta svarað öllum spurningum á neti skólans með samskiptum við heimasíðu ef því er að skipta. Við þessa gagnaöflun er notað könnunarforritið *KANNI* frá Tölvuþjónustu Halldórs Árnasonar.

Framhalds-Skólarynir er hugsaður sem stuðningstæki til gagnaöflunar.

Framhalds-Skólarynir tekur mið af allri fyrirbyggjandi gagnaöflun hvers skóla, af viðhorfakönnunum, skýrslum, fundargögnum, verklýsingum og áætlunum sem unnar hafa verið á síðustu misserum og einnig af starfshæðum og venjum skólans eftir því sem þær liggja fyrir og unnt er að gera grein fyrir þeim með vísan til reglulegra þátta í starfi skólans. Að því leyti krefst Skólarynir ekki neinna sérhæfðra gagna – þó ótvírætt sé gert ráð fyrir umtalsverðri formlegri og beinni gagnaöflun eða úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna.

(Sjálfsmat í Gæða-skóla, bls. 5, RHA okt. 2001)

Matslíkanið er talið uppfylla viðmið menntamálaráðuneytis um mat á skólastarfi og í líkaninu er “gangverk” skóla skilgreint á kerfisbundinn hátt.

Skólarynir skiptir gangverki skólans upp í þrjú svið;

Forsendur (Forysta); Þættir sem snerta forsendur skólastarfsins í meðförum yfirstjórnar og túlkun skólameistara (aðstoðarstjórnenda) á starfsskyldum sínum og vinnufyrirmælum.

Framkvæmd (Ferli); Þættir sem snerta vinnubrögð, viðhorf og skipulag í skóla og kring um skólann.

Frammistaða (Árangur); Þættir sem varða árangur skólastarfsins. Annars vegar einkum árangur nemenda, meðan þeir eru í skólanum, og hins vegar þá ánægju sem nemendur, starfsmenn og foreldrar láta í ljósi og það traust sem skólinn nýtur í nánasta samfélagi.

(Framhalds-Skólarynir - Sjálfsmatslíkan fyrir framhaldsskóla, bls 2, RHA okt. 2001)

Verkefnisstjórn sjálfsmats

Í ME hefur verið myndaður hópur til að stýra matsvinnunni, gera framkvæmdaáætlun og sjá um alla úrvinnslu og skýrslugerð. Í hópnum eru skólameistari, Helgi Ómar Bragason og 5 kennarar; Sigrún Blöndal, Páll Malmberg, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Sigurður Ingólfsson og Arnar Sigbjörnsson. Verkefnisstjóri verður Arnar Sigbjörnsson. Hópurinn mun skipta með sér verkum og taka inn í hópinn annað starfsfólk þegar það á við.

Samstarf

Leitað verður samstarfs við aðra framhaldsskóla á Austurlandi en einkum þó Verkmenntaskóla Austurlands þar sem sama sjálfsmatslíkan verður notað. Einnig er stefnt að samstarfi við framhaldsskóla á Norðurlandi.

Matsáætlun ME

	Skólaárið 2002-2003	
Tími	Aðgerð	Ábyrgðaraðilar/ þátttakendur
1. ár Upphaf skóla	Stjórnendur móta tillögur sínar um sjálfsmatsáætlun. Leggja fyrir samstarfsaðila – og kynna starfsmannafundi. Skólameistari leggur fram endanlega áætlun á grundvelli þessa samráðs og setur í gang vinnu í samræmi við þau áform.	Stjórnendur – matshópur Starfsmannafundur
Mái - nóv	Gagna aflað til að undirbyggja framkvæmd – skipulagning á undirbúningi starfsmanna/ þjálfun Matshópur (3-5 stm.) settur saman og undirbúinn vegna skólaársins. Framhalds-Skólarýnir opinn fyrir svörum starfsmanna (kennara) – starfsmenn svara í tölvu. (mái og ágúst) Verkenfisstjóri fer á námskeið hjá RHA í notkun Framhalds-Skólarýnis	Stjórnendur Starfsmenn Sérfræðiaðstoð frá RHA
Sept - des	Unnin stefnumótun fyrir skólann. Fyrirliggjandi SVÓT-greiningar nýttar við stefnumótun Fyrirliggjandi gögn flokkuð og undirbúin – eftir því sem skólinn kýs að nýta þau við mat í fyrstu umferð.	Stjórnendur – matshópur – stefnumótnunar- nefnd – matshópur samstarfsaðilar
Okt. - mars	Stefnumótun skólans yfirfarin og staðfest – með tilliti til samræmdra vinnubragða, erindisbréfa, starfslýsinga, verklagsreglna og vinnuleiðbeininga eftir því sem við á. Upplýsingaöflun frá foreldrum (yngri nemenda) – unnið með gátlista og spurningalista. Upplýs. frá samstarfsaðilum. Upplýsingaöflun frá völdum hópum nemenda – spurningalistar - gátlistar: Viðhorfakönnun v. heimavistar og mótuneytis, viðhorfakönnun til kennslu í námsáföngum. Unnið að upplýsingaöflun um viðhorf annarra starfsmanna en kennara – spurningalistar.	Skólameistari/ matshópur – stefnumótnunar- nefnd Foreldrar Nemendur starfsmenn með skilgreind hlutverk
Feb. - maí	Unnið að frekari upplýsingaöflun frá starfsmönnum, nemendum og foreldrum – úrvinnsla. Starfsmannviðtöl (feb.-maí)	Skólameistari/ starfsmenn Matshópur Sérfræðiaðstoð
Skóla- lok	Matshópur skilar - nánara mati og einkunnagjöf með Skólarýni framkvæmt að því marki sem áætlun gerir ráð fyrir. Einkunnagjöf kynnt og sjálfsmatsskýrsla – byrjar að taka á sig mynd. SVÓT-greining með öllum starfsmönnum.	Skólameistari/ matshópur starfsmenn með

		skilgreind hlutverk
Júní - ágúst	<p>Umbótatillögur mótaðar á starfsdögum kennara í byrjun júní.</p> <p>Sérfræðiaðstoð sótt út fyrir skólann – (eða efld innan skóla með ráðningum og verkefnaskilgreiningum).</p> <p>Skólanámskrá – stefnumótun - endurmat og frekari þróun.</p> <p>Lagður grunnur að skipulagðri áætlanagerð einstakra hópa – kennsluáætlnir skilgreindar og kennurum leiðbeint (ágúst)</p> <p>Endurmenntun – skipulögð í því samhengi.</p>	<p>Skólameistari/ samráð við samstarfsaðila/ sérfr.</p> <p>Skólayfirvöld upplýst – og etv. leitað þátttöku þeirra í kostnaði!</p>

Matsáætlun ME frh.

	Skólaárið 2003-2004	
Tími	Aðgerð	Ábyrgðaraðilar/ Þátttakendur
2. ár Sept. - nóv	<p>Umbótaáætlun fest í sessi og fjármögnuð.</p> <p>Upplýsingaöflun frá foreldrum og samstarfsaðilum (Spurningakannanir RHA) – unnið með gátlista og spurningalista.</p> <p>Upplýsingaöflun frá völdum hópum nemenda – spurningalistar - gátlistar.</p> <p>Unnið að upplýsingaöflun um "viðhorf starfsmanna" – spurningalistar RHA.</p>	<p>Skólameistari/ matshópur – starfsmenn með skilgreind hlutverk</p> <p>Foreldrar /nemendur</p> <p>Sérfræðiaðstoð</p>
Jan. - mars	<p>Upplýsingaöflun haldið áfram – sérstök flokkun gagna innan skóla með tilliti til þess að Framhalds-Skólarýnir verði notaður til heildtæks mats á árinu.</p>	Skólameistari / matshópur
Mars- apríl	<p>Svörin í Framhalds-Skólarýni opin fyrir alla starfsmenn skólans – allir kennarar svara öllum spurningum – og aðrir starfsmenn völdum flokkum.</p> <p>Drög að áætlun um sjálfsmat 2004-2008 lögð fram</p>	<p>Skólameistari/ matshópur</p> <p>- allir starfsmenn / sérfræðiaðstoð</p>
Maí – júní	<p>Mati með Framhalds-Skólarýni lokið</p> <p>Námsmat og árangur nemenda greindur – upplýsingar frá sérfræðiaðilum – aðstoð frá RHA við að greina árangursframvindu einstaklinga og hópa. Sameiginleg SVÓT-greining starfsmanna</p> <p>Skýrslugerð frá starfsmönnum og hópum kennara – sjálfsmatsskýrsla verður til.</p>	Skólameistari/ matshópur / starfsmenn /nemendur / sérfræðiaðstoð
Júní/ág.	<p>Sjálfsmatsskýrsla – kynnt og komið á framfæri við samstarfsaðila – og skólayfirvöld.</p> <p>Umbótaáætlun skólans – gerð – og kynnt</p> <p><u>Áætlun um sjálfsmat 2004-2008 lögð fram og staðfest.</u></p> <p>Stefnumótun skólanámskrár 2004-2005 fest niður og komið á framfæri við samstarfsaðila – samstarfsaðilum og skólayfirvöld upplýst um stöðu skólahaldsins og árangur nemenda</p>	<p>Skólameistari / starfsmenn með skilgreind hlutverk</p> <p>foreldraráð/ kennararáð</p> <p>sérfræðiaðstoð /skólayfirvöld</p>

Matsáætlun ME frh.

	Skólaárið 2004-2005	
Tími	Aðgerð	Ábyrgðaraðilar/ þátttakendur
3. ár Sept.- nóv.	<p>Umbótaáætlun fest í sessi og fjármögnuð.</p> <p>Upplýsingaöflun frá foreldrum og samstarfsaðilum (Spurningar Skólarýnis) – unnið með gátlista og spurningalista.</p> <p>Upplýsingaöflun frá völdum hópum nemenda – spurningalistar - gátlistar.</p> <p>Unnið að upplýsingaöflun um "viðhorf starfsmanna" – spurningalistar Skólarýnis.</p>	<p>Skólameistari/ matshópur – starfsmenn með skilgreind hlutverk</p> <p>Foreldrar /nemendur</p> <p>Sérfræðiaðstoð</p>
Jan. - mars	<p>Upplýsingaöflun haldið áfram – sérstök flokkun gagna innan skóla með tilliti til þess að Framhalds-Skólarýnir verði notaður til heildtæks mats á árinu.</p>	Skólameistari / matshópur
Mars - apríl	<p>Svörun í Framhalds-Skólarýni opin fyrir alla starfsmenn skólans – allir kennarar svara öllum spurningum – og aðrir starfsmenn völdum flokkum.</p> <p>Drög að áætlun um sjálfsmat 2005-2009 lögð fram</p>	<p>Skólameistari/ matshópur</p> <p>- allir starfsmenn / sérfræðiaðstoð</p>
Maí - júní	<p>Mati með Framhalds-Skólarýni lokið</p> <p>Námsmat og árangur nemenda greindur – upplýsingar frá sérfræðiaðilum – aðstoð frá RHA við að greina árangursframvindu einstaklinga og hópa. Sameiginleg SVÓT-greining starfsmanna</p> <p>Skýrslugerð frá starfsmönnum og hópum kennara – sjálfsmatsskýrsla verður til.</p>	<p>Skólameistari/ matshópur / starfsmenn /nemendur / sérfræðiaðstoð</p>
Júní/ ágúst	<p>Sjálfsmatsskýrsla – kynnt og komið á framfæri við samstarfsaðila – og skólayfirvöld.</p> <p><u>Áætlun um sjálfsmat 2005-2009 lögð fram og staðfest.</u></p> <p>Stefnumótun skólanámsskrár 2004-2006 fest niður og komið á framfæri við samstarfsaðila – samstarfsaðilum og skólayfirvöld upplýst um stöðu skólahaldsins og árangur nemenda</p>	<p>Skólameistari / starfsmenn með skilgreind hlutverk</p> <p>foreldraráð/ kenn.r. sérfræðiaðstoð /skólayfirvöld</p>

Matsáætlun ME frh.

	Skólaárið 2005-2006	
Tími	Aðgerð	Ábyrgðaraðilar/ þátttakendur
4. ár Ágúst	<p>Umbótatillögur mótaðar — stefnumótun/skólanámskrá endurmat og frekari þróun.og etv. sérstök umbótaáætlun verður til.</p> <p>Sérfræðiaðstoð sótt út fyrir skólann – (eða eflid innan skóla með ráðningum og verkefnaskilgreiningum).</p> <p>Lagður grunnur að skipulagðri áætlanagerð einstakra hópa – kennsluáætlanir skilgreindar og kennurum leiðbeint</p> <p>Endurmenntun – skipulögð í því samhengi.</p>	<p>Skólameistari/ samráð við samstarfsaðila/ sérfr.</p> <p>Skólayfirvöld upplýst – og etv. leitað þátttöku þeirra í kostnaði!</p>
Sept. - nóv.	<p>Umbótaáætlun fest í sessi og fjármögnuð.</p> <p>Upplýsingaöflun frá foreldrum og samstarfsaðilum (Spurningakannanir RHA) – unnið með gátlista og spurningalista.</p> <p>Upplýsingaöflun frá völdum hópum nemenda – spurningalistar - gátlistar. Unnið að upplýsingaöflun um "viðhorf starfsmanna" – spurningalistar RHA.</p>	<p>Skólameistari/ matshópur – starfsmenn með skilgreind hlutverk</p> <p>Foreldrar /nemendur</p> <p>Sérfræðiaðstoð</p>
Jan. - mars	<p>Upplýsingaöflun haldið áfram – sérstök flokkun gagna innan skóla með tilliti til þess að Framhalds-Skólarýnir verði notaður til heildtæks mats á árinu.</p>	<p>Skólameistari / matshópur</p>
Mars - apríl	<p>Svörin í Framhalds-Skólarýni opin fyrir alla starfsmenn skólans – allir kennarar svara öllum spurningum – og aðrir starfsmenn völdum flokkum.</p> <p>Drög að áætlun um sjálfsmat komandi ára lögð fram</p>	<p>Skólameistari/ matshópur</p> <p>- allir starfsmenn / sérfræðiaðstoð</p>
Maí - júní	<p>Mati með Framhalds-Skólarýni lokið</p> <p>Námsmat og árangur nemenda greindur – upplýsingar frá sérfræðiaðilum – aðstoð frá RHA við að greina árangursframvindu einstaklinga og hópa. Sameiginleg SVÓT-greining starfsmanna</p> <p>Skýrslugerð frá starfsmönnum og hópum kennara – sjálfsmatsskýrsla verður til.</p>	<p>Skólameistari/ matshópur / starfsmenn /nemendur / sérfræðiaðstoð</p>
Júní / ágúst	<p>Sjálfsmatsskýrsla – kynnt og komið á framfæri við samstarfsaðila – og skólayfirvöld.</p> <p>Umbótaáætlun skólans – gerð – og kynnt</p> <p><u>Áætlun um sjálfsmat fyrir 4 næstu ár lögð fram og staðfest.</u></p> <p>Stefnumótun skólanámskrár næsta ár fest niður og komið á framfæri við samstarfsaðila – samstarfsaðilum og skólayfirvöld upplýst um stöðu skólahaldsins og árangur nemenda</p>	<p>Skólameistari / starfsmenn með skilgreind hlutverk</p> <p>foreldraráð/ kennararáð</p> <p>sérfræðiaðstoð /skólayfirvöld</p>